



ÁRSSKÝRSLA 2024

Tækniminjasafn Austurlands

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Safnkosturinn.....	3
Skráning.....	3
miðlun.....	4
Búðareyri – saga umbreytinga.....	4
Störf kvenna.....	5
Stuttmyndin „Brautryðjendur hins frjálsborna anda“	6
Josef á hjólinu	6
Stafræn miðlun	7
Viðburðir.....	8
Kvenna- og kynjasöguping.....	8
Sýningaropnun á 17. Júní.....	8
Dagar myrkurs	8
Opið hús út á Strönd.....	9
Fræðsla.....	9
Samstarf, fundir, ráðstefnur.....	10
Safnasóknin	10
Málþing um vá.....	10
Farskóli safnmanna.....	11
Prentverk Seyðisfjarðar	11
Uppbygging á nýju safnasvæði.....	12
Húsnæðismál	12
Ný grunnsýning	13
Rekstur og fjármál.....	14
Starfsmannamál.....	14
Fjármál	14
Störf stjórnar.....	15
Markaðssetning	15
Húsnæðismál.....	16
Vélsmiðjan.....	16

INNGANGUR

Árið 2024 var Tækniminjasafninu nokkuð gott. Enn helgast starfið nokkuð af eftirmálum skriðunnar í árslok 2020 en segja má að í ár hafi starfsfólk getað sett meiri kraft í að horfa til framtíðar og þeirrar uppbyggingar sem fyrir höndum er, ekki eingöngu neyðarbjörgun og viðbragð. Í þessari ársskýrslu má lesa um helstu störf og verkefni sem starfsfólk sinnti á árinu.

Sýning safnsins í gömlu Vélsmiðjunni, „Búðareyri – saga umbreytinga“ var opin almenningi annað

sumarið í röð og var aðsókn þar nokkuð góð. Munaði þar mestu um skipulagða hópa úr skemmtiferðaskipum í samstarfi við Skálanes.

Í júníbyrjun var haldið kvenna- og kynjasöguping á Seyðisfirði og Egilsstöðum sem safnið kom að skipulagningu að, vel sótt og áhugavert þing. Í tilefni af því var opnuð sýningin „Störf kvenna“ í útigalleríi safnsins, sýning um atvinnuþátttöku kvenna á Seyðisfirði á áratugunum í kringum aldamótin 1900. Báðar þessar sýningar eru einnig aðgengilegar í rafrænu formi á heimasíðu safnsins, www.tekmus.is. Mikil rækt var lögð við ýmis konar stafræna miðlun safnsins, samfélagsmiðlarnir voru vel nýttir og heimasíðan er í stöðugri skoðun og endurnýjun.

Skemmtilegt fræðsluverkefni fór fram um haustið í samstarfi við ME. Nemendur í vöruhönnun fengu að kynna forsendum hringrásarhagkerfis, gamallar verkþekkingar, sjálfbærni, hönnunarhugsunar og uppvinnslu með því að skoða tiltekna gripi úr förguðum hluta safnkosts Tækniminjasafnsins og var afrakstur vinnu þeirra sýndur í Sláturhúsinu á Egilsstöðum.

Áfram var unnið að hönnun nýs safnasvæðis og safnbygginga, endurbygging Angró undirbúin með vinnu við grind og smíði tréverks og stefnt er að því að hefja byggingaframkvæmdir af fullum krafti vorið 2025. Vinna við hönnun og efnistöknýrrar grunnsýningar fór vel af stað á síðari hluta ársins og stefnt er að því að handrit og hönnun sýningarinnar verði nær lokið á árinu 2025.

Enn er mikið verk fyrir höndum við skráningu safnkostsins en hann er nú allir kominn í nýja varðveisluhúsnæðið á Strandarvegi.

Að vanda sat starfsfólk safnsins ekki iðjulaust, verkefni eru næg eins og á öðrum söfnum og í mörg horn að líta. En í ár getum við sagt að starfið hafi meira líkst „hefðbundnu“ safnastarfi en síðustu ár og spennandi tímar eru fram undan við uppbyggingu á nýjum stað.




SAFNKOSTURINN



Árin 2022-23 fékk safnið öndvegisstyrk frá Safnasjóði til að takast á við afleiðingar skriðunnar sem féll á það 18. desember 2020. Fyrst þurfti að bjarga safnkostinum upp úr aurnum, flokka og færa í hús. Í árslok 2022 keypti safnið varðveisluhúsnæði að Strandarvegi sem mun nýtast því næstu árin. Húsið fékkst afhent í ársbyrjun 2023 og var þá tekið til við að lagfæra húsnæðið, útbúa starfsmannaaðstöðu og innrétta með hillum sem hæfa munageymslu.

Fyrri hluti ársins 2024 fór í að vinnu við flokkun og tiltekt til að koma öllum safnkostinum frá köldu skemmuni sem hýsti muni safnsins um langt skeið í nýja húsnæðið. Telst þá safnkosturinn allur samankominn á einn stað og því stórum áfanga náð.

Skráning



Framundan er mikil vinna við skráningu og umhirðu safnkostsins og fagnaðarefni að segja frá því að safnið sé komið á ákveðin stað varðandi skráningu. Horfa má á það verkefni sem svo að það sé komið í sinn farveg. Unnið er nú að grunnskráningu fyrir munina sem er þá mjög gróf grunnskráning fyrst svo einhvern heildarsýn um safnkostinn fáist en síðan tekur við margra ára vinna við

að fullskrá gripina. Í dag er notast við excel til að skrá gripina, meðan beðið er eftir því að nýr Sarpur fari í loftið. Ljóst er að það verður langtímaverkefni að skrá allan safnkost og nokkuð er í land.

MIÐLUN

Á árinu var unnið að lagfæringum á sýningunni í Vélsmiðjunni auk þess sem safnið setti upp nýja útisýningu undir nafninu „Störf kvenna“. Örsýningin „Josef á hjólinu“ var sett upp í tengslum við Haustroða. Virkni hefur verið mikil á samfélagsmiðlum safnsins og heimasíðan er í sífelltri endurskoðun og nýtt sem mikilvægt miðlunartæki.

Búðareyri – saga umbreytinga



Sýningin „Búðareyri – saga umbreytinga“ í Vélsmiðjunni var opnuð sumarið 2023. Hún veitir innsýn í sögu Búðareyrarinnar, þess bæjarhluta á Seyðisfirði sem varð fyrir skaða vegna stóru aurskriðunnar í desember 2020. Búðareyrin hefur verið kölluð vaggja tækni og byggðar á Seyðisfirði, en í dag er óvissa um framtíð atvinnustarfsemi og búsetu á stórum hluta svæðisins vegna hættunnar á frekari aurskriðum.



Mikið er lagt upp úr upplifun gesta á sýningunni, hún höfðar til allra skilningarvita með því að blanda saman nýrri og eldri tækni í fjölbreyttum margmiðlunarlausnum. Hún er staðsett í gömlu Vélsmiðjunni á Seyðisfirði, sem veitir einstaka aðstöðu, eins og úti, á gólfum og veggjabrotum húsa sem aurskriðan

eyðilagði. Sýningin höfðar jafnt til barna sem fullorðinna, er rík af upplýsingum en marglaga þannig að hver gestur ræður hversu djúpt hann kynsir sér efni hennar og skynjar.

Sýningin er á bæði íslensku og ensku, sem tryggir að hún sé aðgengileg fyrir breiðan hóp gesta, óháð tungumálakunnáttu.

Vélsmiðjan var opin frá 15. maí til 15. september. Á þessu tímabili heimsóttu hana alls 46 hópar eða um 970 einstaklingar, flestir þeirra frá skemmtiferðaskipum og í samstarfi við Skálanes.

Í vor var unnið að nokkrum endurbótum á sýningunni og húsnæðinu. Ný textaspjöld voru prentuð og sett á nýja staði, „búðarleikurinn“ á efri hæðinni settur í varanlegra form og annað smálegt sem komið hafði í ljós að þyrfti að vera skýrara.

Unnið er að gerð **hljóðleiðsagnar** um sýninguna til að auka inngildingu og bæta aðgengi fyrir fjölbreyttari hópa. Safnið fékk á árinu styrk frá Múlapingi til þessa. Á sýningunni eru textaspjöld á bæði íslensku og ensku. Sá texti hefur verið aðlagður að upplestri sem verður tekinn upp, á báðum tungumálum. Gestir geta svo nálgast upplesturinn með því að smella með síma á QR kóða á textaspjöldunum eða fá viðeigandi tæki lánuð í sýningunni til að hlusta.

Þetta eykur aðgengi að sýningunni verulega, í samræmi við eitt af markmiðum safnsins að tryggja að sem flestir geti notið sýninga þess og viðburða. Áætlað er að hljóðleiðsögnin verði vígð í byrjun sumars 2025 og unnið er að þessu verkefni veturinn 2024–25.



Safnið fékk að láni **hæðarlínusandkassa** frá Verkmenntaskóla Austurlands sumarið 2023, sem var hluti af sýningunni í Vélsmiðjunni. Sandkassinn er útbúinn skjávarpa sem varpar hæðarlínum sandsins, líkt og frá fjalli til fjöru, og breytast hæðarlínurnar við hreyfingu á sandinum.

Kassinn reyndist einn vinsælasti sýningarmunurinn, þá sér í lagi fyrir yngri kynslóðina. Slíkur kassi var ekki hluti af sýningunni á árinu 2024. Engu að síður er stefnt að endurkomu kassans á sýninguna sumarið 2025 enda fékkst styrkur frá Múlapingi til að smíða okkar eigin kassa og er smíði langt komin. Reikna má með því að sandkassinn verði því hluti af sýningunni að nýju sumarið 2025.

Störf kvenna

Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Tækniminjasafn Austurlands unnu saman að gerð þriggja sýninga sem saman báru yfirskriftina KONUR. Þær drógu hver á sinn hátt fram hlutdeild og mikilvægi kvenna í sögu Austurlands. Sýningunum var ætlað að sýna arfleifð austfirskra kvenna verðskuldaða virðingu og varpa ljósi á sögu þeirra frá ólíkum sjónarhornum.

Minjasafnið nýtti fornleifarannsóknir til að draga upp mynd af hlutskipti kvenna á fyrstu öldum byggðar í Seyðisfirði. Sýningin var unnin í nánun samstarfi við Antikva, rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Austurlandi, og Þjóðminjasafn Íslands.

Héraðsskjalasafnið sagði sögu Margrétar Sigfúsdóttur, 20. aldar verkakonu, kennara og skálds í Fljótsdal.

Tækniminjasafnið dró upp mynd af störfum kvenna á Seyðisfirði um aldamótin 1900, með áherslu á reynsluheim þeirra og framlag til atvinnulífsins. Sýningarstjóri var Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, og grafískur hönnuður var Ingvi Örn Þorsteinsson. Ljósmyndirnar sem voru



notaðar komu frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga og Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin var sett á skilti safnsins sem standa á Lónsleiru og þúsundir gesta skoðuðu hana í sumar.

Stuttmyndin „Brautryðjendur hins frjálsborna anda“



Styrkur fékkst til að vinna að heimildarmynd um fyrsta blað á Íslandi sem gefið var út af konum og helgað kvenréttindum, gefið út á á Seyðisfirði, og ritstjóra þess, mæðgurnar Sigríði Þorsteinsdóttur og Ingibjörgu Skaptadóttur. Mæðgurnar gáfu út tímaritið Framsókn á Seyðisfirði í lok 19. aldar. Framsókn var fyrsta tímaritið á Íslandi með kvenréttindi á stefnuskrá


Um er að ræða samstarfsverkefni hjá þeim Elfu Hlín Sigrúnar Pétursdóttir og dr. Sigríði Matthíasdóttir í samstarfi við kvikmyndagerðarkonuna Söndru Ólafsdóttur. Myndin byggist á viðtölum við Elfu Hlín sem skrifaði MA ritgerð um mæðgurnar ásamt myndefni sem byggir á ljósmyndum, sendibréfum og brotum úr blaðinu sjálfu.

Myndin var frumsýnd á kvenna- og kynjasögupinginu sem fjallað er um hér að neðan í kaflanum um viðburði. Myndin er aðgengileg á heimasíðu safnsins.

Josef á hjólinu

Örsýningin „Josef á hjólinu“ var sett upp á Haustroða í Herðubreið á Seyðisfirði í október 2024. Sýningin var sett upp til minningar um Jósef Niederberger sem var tíður gestur á Íslandi og eyddi töluverðum tíma á norðausturhorni landsins og eignaðist marga góða vini hér sem hann hélt góðu sambandi við. Hjólið, hans trausti ferðafélagið, sem safnið varðveitir, var til sýnis á sviðinu í stóra salnum í Herðubreið ásamt frekari upplýsingum um þennan merka ferðalang.

Síðar á árinu barst safninu síðan bréf frá aðstandendum Josefs. Okkur þykir ótrúlega vænt um fallegu kveðjuna frá fjölskyldunni hans og munum varðveita bréfið ásamt öðrum munum Josefs.



Stafræn miðlun

Áfram var lögð áhersla á stafræna miðlun safnsins, til að miðla fréttum af starfi safnsins, auglýsa viðburði og sýningar og ekki síst fyrir ýmsan fróðleik.

Af **samfélagsmiðlum** er það að segja að rúmlega 2000 manns fylgja Facebook síðu safnsins og annað eins líkar við hana. Um 800 manns fylgja Instagramminu. Þetta er fólk af öllu landinu sem og erlendis frá. Það er því mikilvægt að halda þessum vettvangi til miðlunar virkum og áhugaverðum.


Póstar skiptast í nokkra flokka, hér má sjá nokkra þeirra.

Uppáhaldshlutir Halla safnvarðar

Ljósmyndir

Sögulegur fróðleikur

Fréttir af starfi safnsins, viðburðir og sýningar.

 Tæknimínjasafn Austurlands/ Technical Museum of East Iceland
5d · 🌐

RYKSUGAN Á FULLU!

Nú verður ljóstrað upp leyndarmáli! Jólin koma alveg þó að ekki sé búið að þurrka úr öllum skápum og meira að segja þó að ekki sé nýskúrað. En það er samt notalegt að hafa allt hreint og fínt á aðfangadag, í smá tíma þegar klukkan slær sex.

Niðfisk ryksugan á meðfylgjandi mynd hefur pottþétt nýst vel í jólahreingingunum hjá fyrrum eiganda og er enn virk þrátt fyrir álag undanfarinna áratuga. Hún er þó ekki starfandi lengur þar sem hún er skráður safngripur og vonast til þess að fá að sýna sig í nýja Angró.

#jóladagatal #tæknimínjasafnið #tekmus #Búðareyri #seyðisfjörður #austurland #easticeland #museum

Í desember buðum við upp á **jóladagatal** með daglegri færslu til jóla sem vakti mikla lukku, þar sem sérstök áhersla var sett á seyðfirskar jólahefðir.

Heimasíðan www.tekmus.is er í sífelldri endurskoðun og reynt að bæta hana svo hún nýtist sem góður miðill á starfsemi safnsins. Í ár voru gerðar tvær netsýningar, unnar upp úr sýningunum „Búðareyri – saga umbreytinga“ og „Störf kvenna“. Er það liður í að framfylgja stefnu safnsins um stafræna miðlun, varanlega birtingu rannsóknarniðurstaðna og að ná til fleiri en bara þeirra sem heimsækja sýningar safnsins í raunheimum.



VIÐBURÐIR

Á árinu voru nokkrir viðburðir á vegum safnsins og nokkuð fjölbreyttir.

Kvenna- og kynjasöguþing

Kvenna- og kynjasöguþing var haldið á Seyðisfirði og Egilsstöðum dagana 7.–8. júní og var ráðstefnudagskrá fjölbreytt að efni á sviði kvennasögu og kynjasögu, saga austfirskra kvenna var í öndvegi. Fyrirlestrar náðu yfir ýmis viðfangsefni og margskonar rannsóknasjónarhorn. Um ráðstefnuhaldið sáu Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, í samvinnu við Tækniminjasafn Austurlands, Minjasafn Austurlands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Ríflega 20 fyrirlesarar tóku þátt í ráðstefnunni og má ætla að um 60 manns hafi mætt á ráðstefnuna sem þótti afar vel heppnuð. Safnið frumsýndi mynd sína um ritstjóramæðgurnar Sigríði og Ingibjörgu á ráðstefnunni og var góður rómur gerður að henni. Auk þess sat Elfa Hlín um pallborði við ráðstefnulok.

Sýningaropnun á 17. Júní

Sýningin „Störf kvenna“ var opnuð á 17. júní að lokinni hefðbundinni dagskrá við kirkjuna. Myndin sem hér fylgir segir ekki alla söguna, því að nístingskuldi var þennan dag. Hlín Pétursdóttir Behrens og gítarleikarinn Guðrún Veturliðadóttir fluttu nokkur lög við opnuna sem var fámenn en góðmenn.



Dagar myrkurs



Dagar myrkurs er byggðahátíð Austurlands þar sem gervallur fjórðungurinn leggst á eitt við að gera íbúum og gestum þeirra glaða daga í svartasta skammdeginu. Hátíðin er sérstaklega til þess ætluð að fagna skammdeginu og skapa jákvæða stemningu í dimmasta tímabilinu.

Í ár bauð Tækniminjasafnið upp á mykra(vél)smiðju, þar sem fjölskyldur gátu notið notalegs samverustundar saman. Viðburðurinn innihélt skapandi kertamálun undir leiðsögn Jóhönnu Pálsdóttur, þar sem þátttakendur gátu skreytt kerti.

Þá var haldin mykraspurningakeppni með skuggalegum spurningum.


Opið hús út á Strönd

Tækniminjasafnið bauð áhugasömum í heimsókn út á Strönd fimmtudaginn 28. nóv. frá kl. 16:00–17:30 þar sem unnið er hörðum höndum að því að undirbúa endurbyggingu bryggjuhússins Angró. Kynnt voru uppbyggingaráform safnsins á Lónsleirunni, farið var yfir hver staðan er, auk þess sem tímaáætlun byggingaframkvæmda og hugmyndir um nýja grunnsýningu voru kynntar.



FRÆÐSLA

Þrátt fyrir að safnið sé ekki í góðri aðstöðu í dag, í ljósi húsnæðismála og eftirkasta skriðufallanna, til að leggja mikla áherslu á uppbyggingu og þróun fræðslustarfs þá er reynt að hafa a.m.k. eitt verkefni á ári þannig. Í ár var það verkefnið „Uppvinnsla og hringrás“ sem safnið vann í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum. Nemendur í vöruhönnun fengu að kynnst forsendum hringrásarhagkerfis, gamallar verkþekkingar, sjálfbærni, hönnunarhugsunar og uppvinnslu með því að skoða tiltekna gripi úr förguðum hluta safnkosts Tækniminjasafnsins. Nemendur völdu sé hlut til að vinna með og umbreyta, þ.a. að hann öðlist



nýtt notagildi. Í framhaldinu var haldin sýning í sýningarsal Sláturhússins á Egilsstöðum. Þetta var frábært tækifæri til að sjá hvernig þeir nýttu hugmyndir um hringrásarhagkerfi til að skapa nýjar og spennandi lausnir.

Verkefnið var leitt af Heiðdísí Höllu Bjarnadóttur, kennslustjóra listnámsbrautar, í samstarfi við Hönnu Christel Sigurkarlsdóttur, myndlistarmann og verkefnastjóra f.h. safnsins. Verkefnið var

styrkt af Uppbyggingarsjóði Austurlands og var hluti af BRAS, menningarhátíð fyrir börn og ungmenni á Austurlandi.

Þá var safnið í samstarfi við myndlistarkonuna Ráðhildi Ingadóttur um námskeiðið „**Form í Flæði**“ sem hún stóð fyrir á Seyðisfirði dagana 8. til 11. ágúst 2024, þar sem þátttakendur könnuðu eðli og virkni vatns á hreyfingu. Viðfangsefnið var nálgast með tilraunum og listum, með sérstakri áherslu á rytmískt flæði, flæðiskúlptúra og hringiður. Námskeiðið fór fram þar sem fjórðurinn sjálfur og Gamla Netagerðin þjónuðu sem tilraunastofur.

Aðkoma safnsins var að það aðstoðaði við undirbúning og umsóknargerð og auglýsti námskeiðið á sínum miðlum.


SAMSTARF, FUNDIR, RÁÐSTEFNUR

Safnasóknin

FÍ SOS, félag íslenskra safna og safnafólks, fór í fundarferð um landið undir heitinu SAFNASÓKNIN þar sem skoðað var hvernig mætti auka sýnileika safna og vekja betur athygli á starfi þeirra. Ekki síst hvernig við, safnafólkið, náum eyrum fjárveitingavaldsins. Galvaskir starfsmenn safnsins mættu á fund á Egilsstöðum og var stemmningin góð, umræður voru uppbyggilegar og fjörugar.



Málþing um vá



Tækniminjasafninu var boðið að taka þátt í ráðstefnu sem haldin var í Svíþjóð dagana 11. og 12. júní 2024 sem bar yfirskriftina: „*Cultural Heritage and Cultural Resilience – Nordic-Baltic Conference on Civil Preparedness*“. Þar kom saman fólk af Norðurlöndum

og Eystrasaltslöndunum, bæði úr menningargeiranum og fulltrúar viðbragðsaðila, og deildi þekkingu sinni og reynslu í því skyni að efla forvarnir og viðbrögð við hættuástandi og vá og styrkja samstarf á þessu sviði.

Fyrirlesarar og viðfangsefni þeirra voru úr ýmsum áttum og dagskráin mjög þétt. Erindin fjölluðu meðal annars um störf listamanna við erfiðar og hættulegar aðstæður, mikilvægi

viðbragðsáætlana, hvernig upplýsingaóreiða og markviss eyðilegging menningararfs er notuð í hernaði, hvernig aukin ógn úr austri hefur áhrif á Eystrasalts- og Norðurlöndin á mismunandi hátt og reynslusögur frá mismunandi aðilum um bæði viðbragð, ógn og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Elfa Hlín sagði frá reynslu, viðbrögðum og samstarfi í tengslum við aurskriðuna sem olli mikilli eyðileggingu á safnkosti og fasteignum Tækniminjasafnsins í desember 2020.

Ráðstefnan var mjög fróðleg, hugvekjandi og á stundum óþægileg sem gerir enn skýrari mikilvægi þess að til staðar séu viðbragðsáætlanir, skýrir ferlar, virkt samstarf við ólíka aðila innan og utan menningargeirans og það hversu viðsjárverðir tímarnir eru. Ekki síður mikilvægi þess að menningararfur og -minjar séu skilgreindar sem mikilvæg grunnstoð samfélaga sem verður að standa vörð um.

Farskóli safnmanna



Safnið sendi venju samkvæmt starfsmenn á Farskólann og fóru Jónína og Halli sem fulltrúar í ár. Farskólinn bar yfirskriftina *Hvert er erindið? Umbreyting í safnastarfi* og fór fram dagana 2.-4. október á Akureyri.

Eins og fram kemur á heimasíðu FÍSOS er Farskóli safna og safnafólks

fagráðstefna og vettvangur fyrir umræður um það sem ber hæst í safnastarfi, en líka tækifæri til endurmenntunar. Starfsfólk safna er ávallt að leita leiða til að mæta nýjum áskorunum í síbreytilegu samfélagi og finna leiðir til að tryggja aðgengi almennings að menningararfinum. Umhverfi safna hefur tekið miklum breytingum síðastliðin ár og má þar nefna nýjan veruleika tækninnar sem er fyrirferðarmikil í samtíma okkar. En í því eru líka fólgin ný tækifæri sem þarft er að skoða og skilja hvað felst í þeim nýjungum, t.d. hvernig getur gervigreind nýst í safnastarfi?

Þetta var eitt af þeim umfjöllunarefnum sem var á dagskrá Farskólans að þessu sinni í þeim fjölmörgu erindum, vinnustofum, pallborði og faghópum sem boðið var upp á. Ekki má gleyma frábærri skemmtun og skoðunarferðum um söfn Akureyrar.

Prentverk Seyðisfjarðar

Tækniminjasafnið er hluti af hópi austfirskra menningarstofnana og einstaklinga sem stýrir og rekur hið nýja prentverkstæði að Öldugötu 14. Enn er verkefnið á vissu þróunarstigi en býður

upp á marga möguleika. Verkstæðið var nýtt til að prenta hluta af sýningartextum fyrir sýninguna *Búðareyri – saga umbreytinga*.

UPPBYGGING Á NÝJU SAFNASVÆÐI

Safnið stefnir að uppbyggingu á nýjum stað á Seyðisfirði, Lónsleiru, skammt frá ferjuhöfn bæjarins. Þar verður hið sögufræga bryggjuhús Angró endurreist ásamt viðbyggingu. Angró mun hýsa sýningar safnsins en í nýbyggingunni verður inngangur, safnbúð, salerni, skrifstofur starfsfólks og aðstaða auk fjölnotarýmis sem nýta má undir viðburði, safnfræðslu og móttöku hópa.

Húsnæðismál

Á árinu kláruðu arkitektar hönnun á bæði Angró og nýbyggingu og er verkfræðingahönnun næsta skref. Nýtt aðal- og deiliskipulag fyrir svæðið þar sem safnið mun rísa er á lokaskrefum þegar þetta er ritað í árslok 2025. Stefnt er að því að reisa Angró á komandi ári í samræmi við þessa tímalínu og nýbygginguna árið 2026. Nýtt safn mun, gangi allar áætlanir eftir, sumarið 2027.



Við endurbyggingu Angró verður lögð áhersla á að eldri grind hússins verði nýtt eins og kostur er og verði sjáanleg innanfrá. Af þeim sökum þarf að huga að ýmsum hlutum sem ekki fylgja venjulegum nýbyggingum. T.a.m. voru í Angró 54 rótarhné sem tengdu stoðir hússins við gólfbita í skemmuhluta byggingarinnar. Þessi hné voru fest með timburnöglum, sem er algeng aðferð við að tryggja burðarvirki í timburhúsum.


Rótarhné nýta eðlislægan styrk timbers, þar sem þau liggja frá stofninum í átt að rótinni, sem gerir þau oft sterkari en límtrésbitar. Þetta gerir rótarhnén að frábærum valkosti þegar kemur að burðarvirki, þar sem þau einnig bjóða upp á náttúrulega sveigjanleika sem er nauðsynleg fyrir langvarandi styrk og stöðugleika í byggingum.



Ljóst var að tjónið á húsinu þegar það féll saman varð þess að völdum að kaupa þurfti ný. Við leitum að bestu framleiðslunni og ákváðum þanta frá Horda Tre as í Noregi, þar sem þeir eru þekktir fyrir gæðatimbur.

Ný grunnsýning

Safnið fékk styrk á árinu frá Safnasjóði til að hefja vinnu við hönnun á nýrri grunnsýningu sem verður í endurreistu Angró á nýrri lóð safnsins Lónsleiru. Síðustu mánuðir ársins voru nýttir til að ljúka við frumhönnun og taka ákvörðun um rauðan þráð sýningarinnar, sem verður mót tækni og náttúru, með mannskepnuna og samfélög hennar þar á milli. Í hönnunarteyminu eru þau Elfa Hlín, Ingvi Örn og Hanna Christel Sigurkarlsdóttir. Lögð var áhersla á að virkja samtalið við samfélagið. Var það gert með því að taka viðtöl við mismunandi einstaklinga auk þess sem þau fóru í grunnskólann og ræddu við nemendur um hvað þau myndu vilja sjá og gera á nýju sýningu.



Teymið vann mikla hugmyndavinnu, bæði að efnistöfum og miðlun. Á nýju ári er fyrirhugað að ræða við fleiri hópa í seyðfirsku samfélagi, fagfólk í safnageiranum þannig að hönnun og handritsgerð sýningarinnar verði að mestu lokið á nýju ári.

REKSTUR OG FJÁRMÁL

Starfsmannamál

- Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir og Jónína Brynjólfsdóttir deildu áfram safnstjórástöðunni, hvor um sig í hálfu starfi.
- Haraldur Björn Halldórsson er áfram í 100 % starf og hefur hann umsjón með safnkostinum, sinnir ýmsum endurbótum bæði á sýningum sem og á húsnæði safnsins auk þess að sjá um Vélsmiðjuna á sumrin og að taka á móti hópum frá skemmtiferðaskipum.
- Við sumarstörf unnu í hlutastarfi þau Halldóra Kristín Lárusdóttir, Sandra Mjöll Jónsdóttir og Thanarak Viriyawet.
- Zuhaitz Akizu og Søren Bjørnshave unnu með safninu fyrri hluta ársins við endurbætur á Angró auk þess sem þeir unnu að endurgerð þaks miðjuhúss Vélsmiðjunnar. Linus Lohmann byrjaði í hlutastarfi við endurgerð Angró á haustmánuðum.
- Ingvi Örn Þorsteinsson vann sem verktaki fyrri hluta árs en var ráðinn í 50% starf um haustið. Hann sinnir stafrænni miðlun safnsins auk þess sem hann er hluti af hönnunarteyminu fyrir nýja grunnsýningu sem sett verður upp í Angró.
- Elvar Már Kjartansson vann sem verktaki við Angró og viðgerðir á Vélsmiðjunni.
- Hanna Christel Sigurkarlsdóttir vann sem verktaki, annars vegar við að stýra fræðsluverkefni í samstarfi við ME og svo í lok árs sem hluti af sýningararteyminu sem undirbýr nýja grunnsýningu í Angró.
- Auk þess var vinna verktaka keypt eftir því sem verkefni, aðstæður og fjárráð leyfðu.

Fjármál

Á árinu 2024 fengust til rekstrar 25 milljónir, 15 milljónir frá ríkinu og 10 milljónir frá Múlapingi. Sértekjur voru einhverjar og var það að mestu vegna tekna vegna sýningarinnar í Vélsmiðjunni og móttöku hópa frá skemmtiferðaskipum.

Styrkjafé var stíft sótt og fengust eftirfarandi styrkir á árinu, alls 11,1 milljónir sem nýttir voru til að standa straum af eftirfarandi verkefnum:

Frá Húsafriðunarsjóði

- 2.400.000 kr. til þakskipta á miðjuhúsi Vélsmiðjunnar.

Frá Alcoa Fjarðaáli, samfélagssjóði

- 600.000 kr. til gerðar heimildarmyndar um mæðgurnar Sigríði Þorsteinsdóttur og Ingibjörgu Skaptadóttur sem frumsýnd var á Kvenna- og kynjasöguping á Seyðisfirði í júníbyrjun 2024.

Frá Múlapingi

- 150.000 kr. vegna gerðar hljóðleiðsagnar um sýninguna "Búðareyri – saga umbreytinga.
- 200.000 kr. vegna smíði á hæðarlínusandkassa sem er sýningarmunur á Búðareyrarsýningunni.

Frá Safnasjóði

- 300.000 kr. til að senda safnvörð Tækniminjasafns á Síldarminjasafn í starfspjálfun/vistaskipti sem fram fer í ársbyrjun 2025.
- 300.000 kr. vegna Farskólapáttöku árið 2024.
- 600.000 kr. vegna kvenna- og kynjasöguráðstefnu á Austurlandi.
- 2.500.000 kr. til að hanna og gera handrit að nýrri grunnsýningu.
- 3.000.000 kr. til grunnskráningar skráningar safnkostsins .
- Frá Uppbyggingarsjóði Austurlands
- 500.000 kr. vegna „Uppvinnsla og hringrás“ – fræðsluverkefni Tækniminjasafnsins.
- 600.000 kr. vegna uppsetningar sýningarinnar „Kvennasaga samfélaga“.

Störf stjórnar

Stjórn er skipuð þeim Skúla Vignisson, formanni og Bjarka Borgþórssyni f.h. Múlapings og til vara Tinnu Guðmundsdóttur og Oddnýju Björk Daníelsdóttir. Fyrir hönd Afls starfsgreinafélags er Ingirafn Steinarsson. Stjórn fundaði 4 sinnum á árinu 2024. Aðalfundur var haldinn þann 5. nóvember.

Markaðssetning



Fulltrúar Tækniminjasafnsins sóttu í fyrsta sinn Mannamót Markaðsstofa landshlutanna, árlega ferðakaupstefnu sem haldin á höfuðborgarsvæðinu ár hvert.

Mannamót eru kynningarvettvangur fyrir ferðapjónustuna á landsbyggðinni. Markmið viðburðarins er að skapa vettvang þar sem fyrirtæki á landsbyggðinni geta kynnt þjónustu sína og vöruframboð fyrir ferðapjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu.

HÚSNÆÐISMÁL

Safnið á tvær fasteignir, Vélsmiðjuna við Hafnargötu og varðveisluhúsnæði við Strandarveg. Þá leigir það stóra skemmu, einnig við Strandarveg þar sem unnið er að endurgerð og byggingu á bryggjuhúsinu Angró.

Vélsmiðjan

Styrkur fékkst frá Húsafriðunarsjóði til endurnýjunar á þaki miðjuhússins og var unnið að því á vormánuðum. Eldra þak hússins var rífið, járn var fjarlæggt og sett ný borðaklæðning auk þess sem viðgerðir voru framkvæmdar á burðavirki þaksins. Farið var síðan í viðgerðir á múr í kringum strompinn með viðeigandi múrbroti til að stöðva leka þar með fram.



Við uppbyggingu var þakpappi settur á og járnað, settur kjölur og flasningar meðfram hliðum þaksins. Farið var í helstu múrviðgerðir sem þurfti á hliðunum og og þakrennur settar á.

Næstu skref í viðhaldi hússins er að huga að múrviðgerðum á hliðinni sem snýr að götunni og hefur verið sótt um í Húsafriðunarsjóð fyrir slíku viðhaldi.